30 4. apríl. — *Brjef* landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna um* jarðarkaup handa prestakalli. — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 21. febrúar þ. á. ritað mjer á þessa leið:

Með þóknanlegu brjefi frá 16. sept. f. á. hefir herra landshöfðinginn ásamt ummælum stiptsyfirvaldanna sent hingað beiðni Jóns alþingismanns Sigurðssonar á Gautlöndum, sem umboðsmanns nefndar nokkurrar í Mývatns-þingum, og fer beiðnin fram á, að lán megi verða veitt af viðlagasjóði landsins, eða einhverjum öðrum opinberum sjóði til að kaupa jörðina Skútustaði í Skútustaðahreppi eða einhvern hluta hennar fyrir prestssetur eptirleiðis handa prestakallinu; er svo ætlað, að verð jarðarinnar muni verða 4800 krónur, auk þess, sem eigendur jarðarinnar eiga í skuld fyrir endurbyggingu Skútustaðar kirkju, og stiptsyfirvöldin telja í fardögum 1874 hafa verið hjer um bil 1360 krónur. Lætur beiðandi enn fremur í ljósi, að um getin nefnd hafi bundizt því heityrði, að nefndarmenn einn fyrir alla og allir fyrir einn skyldi ábyrgjast lán til að kaupa fyrir $^3/_4$ nefndrar jarðar og í því skyni setja fulltryggilegt veð, að því leyti tjeðir $^3/_4$ jarðarinnar ekki þœttu veita fulla tryggingu fyrir láninu. Út af þessu hefir herra lansdhöfðinginn lagt það til *sumpart*, að jörðin Skútustaðir, eða sá hluti hennar, sem fá má keyptan, megi verða útveguð til prestsseturs í Mývatns-þingum, og að prestakallinu í þessu tilefni og til borgunar skuld þeirri, er á Skútustaða kirkju hvílir, af viðlagasjóðnum megi verða veitt lán, sem ávaxtað og endurborgað verði með 6% í 28 samfleytt ár, móti fyrstu forgönguveðstryggingu í hinni keyptu jörð sjálfri og nœgu veði í annari fasteign, *sumpart* að yður megi veitast heimild til að gjöra út um þetta.

Út af þessu skal yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og auglýsingar fram á leið hjer með þjónustusamlega tjáð, að ráðgjafinn, eptir því sem þjer hafið skýrt frá málavöxtum, leyfir, að umgetin jörð eða partur af henni, og kirkja sú, er þar stendur, megi verða útveguð sem beneficium handa Mývatns-þingum, og að til þessa megi verða veitt prestakallinu lán af landssjóði með kjörum þeim, er þjer hafið stungið upp á, þó ekki hærra en að 4800 kr., ef jörðin fæst öll til kaups, og að því skapi fyrir part af henni, að viðbœttri ef til þess kemur, þeirri upphæð, sem til þess þarf að eignast kirkjuna, eins og yður er falið á vald að gjöra þær ráðstafanir, er þörf gjörist í þessu efni.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, að því viðbœttu, að ætla má á, að afsláttur nokkur fáist á kirkjuskuldinni fyrir þá vexti, sem kaupanda missist af andvirði hennar fyrir þá sök, að eptir hlutarins eðli hljóta mörg ár að líða, áður en kaupandi fær hana endurgoldna af tekjum kirkjunnar.

31 4. apríl. — *Brjef* landshöfðingja *til landfógeta*[1] *um* endurskoðun reikninga. — Með því að fjárhagslögin frá 15. oktbr. f. á. hafa veitt nauðsynlega þóknun til að endurskoða hjer á landi reikninga þá alla frá Íslandi, sem að undanförnu hafa legið undir endurskoðun erlendis, á þá leið, að hr. landfógetanum er gegn 1200 kr. árlegri þóknun ætlað að endurskoða alla þessa einstöku reikninga, hefir ráðgjafinn fyrir Ísland í brjefi 22. febr. þ. á. mælt svo fyrir, að endurskoðun íslenzkra reikninga þegar fyrir árið 1874 skuli taka frá 1. reikningarannsóknardeild og færa hingað, og hefir hann skipað mjer að gjöra ráðstöfun til, að tekið verði sem fyrst til þessarar endurskoðunar. Samkvæmt þessu hefir rannsóknardeildin sent mjer reikninga þá fyrir 1874, sem nefndir eru í hjá lagðri skrá með tilheyrandi fylgiskjölum og þá eldri reikninga fyrir fyrri ár, sem getið er á lista, sem

1) S. d. var ritað Magnúsi yfirdómara Stephensen um endurskoðun jarðabókarsjóðsreikninga.